**Ed.** **352. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stríðsgróðaskatt.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Við 2. gr. Niðurlag greinarinnar, frá orðinu „innheimtur“ í síðari málsl., orðist svo: Til útborgunar á því ári, sem skattur er lagður á, kemur þó ekki hærri fjárhæð en nemur 2 krónum á móti hverjum 3 krónum, sem jafnað er niður í útsvörum í sveitarfélaginu á árinu. Afgangurinn skal vera í vörzlum ríkissjóðs, en eign viðkomandi sveitarfélags, og skal greiðast sveitarfélaginu, þegar því er brýn þörf á fénu til atvinnubóta.